

## **Bannfærðir bændur og búalið Sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna og ríkisstjórnar Íslands**

Það er ekki ýkja langt síðan, að landbúnaðarráðherra Hollendinga, Henk Staghouwer, lét þau orð falla, að „stétt bænda verði að uppræta, veita þeim rothögg.“

Það kemur varla á óvart, að Justin Trudeau, hafi tekið undir með þessum orðum: „Það verður að vanda undirbúning að árás gegn bændum, svo slá meg til, veita þeim högg svo þungt, að þeir eigi sér ekki viðreisnar von.“

Svipaður söngur heyrir frá Írlandi, Sri Lanka, Argentínu, Þýskalandi, Belgíu, Noregi, Mexíkó, Bretlandi, Spáni og víðar. Samtímis kaupa auðjöfrar upp landbúnaðarland heima og erlendis. Í Úkraínu fékkst það fyrir slíkk.

Bill Gates kaupir upp land í Bandaríkjunum til að koma í veg fyrir landbúnað. Hann er nú stærsti landeigandi þar um slóðir. Það gerir Evrópusambandið í raun einnig með styrkjakerfi sínu.

Bandaríkjastjórn hefur mótað svipaða stefnu, þ.e. friða meira land fyrir landbúnaði. Allt er þetta gert til að ná markmiðum um „sjálfbæra þróun,“ sem forsætisráðherra vorum er býsna tíðrætt um og ríkisstjórnin stefnir að.

Enn á ný sjáum við hliðstæður við gamalkunnar aðferðir ráðamanna hinna dauðu Ráðstjórnarríkja. Byltingarmenn þeirra vildu skapa sæluríki öreiganna í hinu viðfema ríki. Samyrkjubú, svipuð þeim, sem rússneskir Gyðingar stofnuðu síðar í Ísrael, voru stofnuð með góðu eða illu – oftast með illu.

Sjálfseignarbændur, kúlakkarnir, voru reknir af jörðum sínum og skikarnir lagðir undir samyrkjubúin. Afleiðingarnar voru hryllilegar. Trúlega létust u.þ.b. tíu milljónir manna í Kasakstan, Rússlandi og Úkraínu, Holodomor. (Nokkrir þingmenn okkar vildu binda þennan harmleik í lög sem þjóðarmorð Rússa á Úkraínumönnum, þegar aðdáunin á Gyðingnum, Volodymyr Zelensky, var sem innilegust í þingsölum.)

Maó Tse Tung og kínverskir byltingarmenn létu sitt heldur ekki eftir liggja. Enginn veit í raun, hversu margir Kínverjar féllu í valinn í „Stóra stökkinu fram á veg.“ En það voru líka milljónatugir.

En bóndi er ekki bara bóndi, frekar en Jón er Jón. Útrýma skal nefnilega hefðbundnum bændum með spúandi vélbúnað og prumpandi búpening. Hvort tveggja spillir loftslaginu og leiðir til ragnaraka.

Grænn landbúnaður er lausnarorðið. Áætlun Evrópusambandsins í þessu efni heitir „Græni samningurinn“ (Green Deal). Hann er í sjálfu sér angí af loftlagsstefnunni. Senn mun Alþingi samþykkja lög þess efnis, að innleidd verði lög og reglur Evrópusambandsins. Sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna segja 21-37% gróðurhúsalofttegunda stafi af matvælaframleiðslu. Náin samvinna ríkir milli Sameinuðu þjóðanna og Alheimsefnahagsráðs (World Economic Forum) og handbenda þeirra í stjórnámum, atvinnulífi og menningu.

Það vill svo til, að „grænir“ auðkýfingar á borð við Rockefeller-ættina eru innstu koppar í búri Grænu byltingarinnar. Þeir eru líka á bólakafi í erfðatækni. M.a. sýsla þeir við að erfðabreyta sæði, sem þeir dreifa um allan heim, fólki til hagsbóta.

Græna byltingin heitir það sum sé og frelsar þúsundir á þúsundir ofan. Pöddur og gervikjöt mun bjarga hinum. Athafnamenn og mannvínir á borð við Bill Gates veðja bæði á gervifæðu, bólusetningar og lyfjaframleiðslu. Líftækni er lausnin, enda er borið fé á þau vísindi.

Náttúruverndarsinnar hrópa: Uppræta verður landbúnað, hann er aðalafkvaki loftlagsbreytinga. En þeim sést þó líklega yfir kjarna máls; notkun aðskotaefna og skaðlegrar líftækni í nútíma landbúnaði. Henni er beitt undir yfirskini þróunarhjalpar í „þriðja heiminum,“ t.d. víða í Afríku, þar sem innlendum fræstofnum er eytt. Þeir víkja fyrir erfðabreyttum stofnum alþjóða landbúnaðarauðvaldsins, vaxtarvökum (hormónum), lyfjum og illgresiseyði.

Líftækni auðjöfrarnir draga bæði landbúnaðar og bólusetninga-/lyfjavagninn. Þegar almenningur þráast við að láta bólusetja sig með erfðabreyttu skaðsemisglundri er því troðið í búpening. Auðjöfrarnir eru reyndar svo útsjónarsamir og snjallir, að þeir gefa kúnum lyf við prumpi til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Þannig verður framleidd loftlagsvæn mjólk. Hún er þegar komin á markað. Það eru vísbendingar um, að mjólkinn hafi sömu eiginleika og bóluefnin við covid-19, minnki frjósemi. Kjötið af gripunum verður mengað af erfðabreytingabóluefnum (mRNA),

svo það stoðar lítt að þráast við sprautunni. Bandaríkjamenn, sem sólgirnir eru í svínakjöt, hafa fengið óþverrann í sig frá árinu 2018.

Fyrir skemmstu skýrði uppljóstrari í Gates-stofnuninni frá bóluefnamenguðum skyndibita. En þess mun þó líklega verða gætt, að fyrirhuguð kjetskömmun í Lundúnum innihaldi nægilegt bóluefni. Lundúnir eru reyndar þátttakendur í miklu stærra verkefni fjórtán borga, sem stefna í sömu átt (Good Food Cities Accelerator – C40). Ætli Dagur sé kominn um borð?

Eins og allir vita, er Bill Gates ekki maður einhamur. Hann slær iðulega margar flugur í sama högginu, því hluti líftækninnar nýtist einnig við skráningu og eftirlit bæði með fólki og fénaði.

En Bill er ekki einn á báti. Í áhöfn hans er t.d. norsk umhverfisvalkyrja, Gunhild Stordalen, krýnd árið 2015 í Davos sem „Ungur alheimsleiðtogi.“ Valkyrjan, Gunnhildur, hefur m.a. þegið styrki frá alheimsauðjöfrunum (Wellcome Trust) til að „tengja saman loftslag, heilsufar og sjálfbærni á öllum sviðum í því skyni að umbylta matvælaframleiðslu.“ Þannig á að bjarga um ellefu milljónum villuráfandi sálna á ári, samkvæmt vísindamönnum. Fæðuskömmunin tengist einnig fataskömmun, takmörkun á bílaeign og skemmtiferðum.

Eftirlits er augljóslega þörf. Því mun það vafalaust verða svo, að hefðbundnir bændur á undanþágu fái rafræn auðkenni og kýrnar þeirra líka. Auðkenni beggja munu tilgreina m.a. bólusetningar, fóðrun, viðrekstur og hlýðni. Bjarni Ben leggur þunga áherslu á stafrænuvæðingu þjóðlífsins, þegnunum til þæginda og hagsbóta. Aukenni kúa, búpenings, og eigenda þeirra, má sem hægast spinna saman.

Samhliða stríðinu gegn bændum, þ.e. frelsun umhverfisins frá mönnum, eru stíflur sprengdar og mokað ofan í skurði – í sama skyni. Fólksfækkun við fæðuskort og bólusetningar gegnir vitaskuld sama tilgangi.

Því eru stríð eins og í Úkraínu og Ísrael/Palestínu líka ákaflega gagnleg heimsyfirráðasinum. Vígtóla- og lyfjaframleiðendur, bólusetninga- og líftækniforkólfar, róa í sama báti.

Stríð er einnig góð leið til upplausnar, ringulreiðar, ósættis og menningarárása. Það vekur athygli, að hollenskur landbúnaður skuli víkja, því land skortir til að byggja yfir flóttamennina. Svo segja stjórnvöld.

Árið 1991 gaf samkunda auðkýfinga og stjórnámálamanna, Rómarklúbburinn svonefndi, út merkilegt rit; „Fyrstu alheimsbyltinguna: Skýrslu ráðs Rómarklúbbsins“ (The first global revolution: A report by the council of the Club of Rome). Þar má m.a. lesa:

„Í leitinni að sameiginlegum óvini til að skipa okkur saman fæddist sú hugmynd, að mengun, ógnin af ofhitun alheimsins, vatnsskortur, hungursneyð og þess háttar, væri líkleg til árangurs. ... Hinn raunverulegi óvinur væri mannkynið sjálft.“

[Good Food Cities Accelerator - C40 Cities](#)

[Italy Becomes First Nation To Ban Bill Gates' Fake Meat Due To 'Serious Health Concerns' – The Expose \(expose-news.com\)](#)

<https://thepeoplesvoice.tv/study-reveals-bill-gates-fake-meat-causes-turbo-cancers-in-humans/>

[EAT-Lancet Commission Brief for Cities - EAT \(eatforum.org\)](#)

[C40 Cities: FOOD RATIONING, CLOTHES RATIONING, CAR Ownership BANNED & ONE HOLIDAY Every THREE YEARS \(visionnews.online\)](#)

[Milliardærene har tatt kontroll over FNs matvarepolitikk - steigan.no](#)

[The 'Great Food Reset': Who's Behind Plan to Reengineer the Global Food Supply? \(substack.com\)](#)

[FNs agenda 2030 er en krig mot bønder over hele verden - steigan.no](#)

[NFNF-230920-Red Carpet Final.mp4 - NFNF-230920-Red Carpet.mp4 - Frame.io](#)

[The Great Food Reset has begun - UnHerd](#)